

Fundur verkefnishóps um óformlegar sameiningarviðræður Borgarbyggðar og Skorradalshrepps

Verkefnishópurinn kom saman til fundar þann 26. febrúar 2024 á Teams og í Ráðhúsi Borgarbyggðar.

Fundinn sátu:

- Guðveig Eyglóardóttir, frá Borgarbyggð
- Jón Einarsson, frá Skorradalshreppi
- Guðný Elíasdóttir, frá Skorradalshreppi
- Jón Hrói Finnsson, frá KPMG
- Róbert Ragnarsson, frá KPMG
- Lilja Ósk Alexandersdóttir, frá KPMG. Lilja Ósk ritaði fundargerð.

RR setti fundinn kl. 10:05.

1. Undirbúningur fyrir íbúafundi verkefnishópsins 28.febrúar

Verkefnishópurinn mætir bæði á íbúafund í Borgarbyggð og Skorradalshrepp.

Guðveig opnar fund í Borgarbyggð og Jón opnar fund í Skorradalshrepp.

Tillaga um að Páll S. Brynjarsson, framkvæmdastjóri SSV verði fundarstjóri, samþykkt. Haft var samband við Pál og hann samþykkti að taka að sér fundarstjórn á íbúafundum verkefnishópsins 28. febrúar kl. 17 í Hjálmakletti kl. 19 í Brún.

2. Kynning á dagskrá og uppsetningu íbúafunda

Jón Hrói fer yfir þau gögn sem verða kynnt á íbúafundum, auk dagskrár íbúafunda. Samþykkt.

Jón Hrói kynnir tillögu af spurningum til þess að nota í umræðuhópum á íbúafundum. Samþykkt.

Streymt verður frá íbúafundum og þau sem fylgjast með streymi fá tækifæri til þess að taka þátt í umræðuhóp eins og þeir sem mæta á staðinn. Notast verður við Slido til þess að safna saman gögnum frá íbúum, bæði þeim sem eru á staðnum og í fjarfundarbúnaði.

Streymt frá fundi í Brún á heimasíðu Skorradalshrepps. Jón E. sendir RR tengiliðaupplýsingar vegna heimasíðu Skorradalshrepps til þess að setja inn frétt og hlekk á streymi.

KPMG kemur með það sem þarf fyrir streymi og skjávarpa til þess að nota í Brún, einnig blöð og penna ef að einhver er ekki með snjallsíma til þess að notast við Slido.

Fundi slitið kl. 10:45

Næsti fundur verkefnishópsins verður mánudaginn 18. mars kl. 10:00 - 11:00 á Teams og í Ráðhúsi Borgarbyggðar.